

# Samþykktir fyrir Samtök sjálfstæðra skóla

## 1. gr. Heiti

Samtökin heita Samtök sjálfstæðra skóla.

## 2. gr. Heimilisfang

Heimili samtakanna og varnarþing er hjá Verslunarráði Íslands, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

## 3. gr. Tilgangur

Tilgangur samtakanna er að gæta hagsmuna sjálfstæðra skóla, efla samheldni þeirra, skapa vettvang til skoðanaskipta og vera í fyrirsvari fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla gagnvart opinberum aðilum. Félagið mun ekki stunda atvinnurekstur með neinum hætti eða aðra fjárhagslega starfsemi.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með því að starfa að þeim málefnum og markmiðum sem félagar ákvarða á aðal- og félagsfundum og með þeim aðferðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni. Þannig munu samtökin m.a. halda reglubundna félagsfundi auk þess að halda opna fundi.

## 4. gr. Aðild

Félagar í samtökunum geta verið þeir skólar sem reknir eru af einstaklingum, foreldrum, fyrirtækjum, félagsamtökum eða stofnunum. Umsóknir um aðild skulu afgreiddar á stjórnarfundi.

Greiðsla félagsgjalda skal fara fram fyrir 1. febrúar ár hvert og skal fjárhæð þeirra ákveðin á félagsfundi.

## 5. gr. Ársreikningar

Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikningum skal lokað 14 dögum fyrir aðalfund og þeim skilað til skoðunarmanna samtakanna.

## 6. gr. Félagsfundir og almennir fundir

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á félagsfundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum. Stjórn boðar til félagsfundar með tryggum hætti.

Rétt til setu á félagsfundum samtakanna hafa fulltrúar allra skóla sem hafa greitt félagsgjöld. Hver skóli skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara.

Stjórn samtakanna er skylt að efna til almenns félagsfundar ef minnst 1/3 félagsmanna óska þess.

Almennir fundir skulu auglýstir á tryggilegan máta.

## 7. gr. Aðalfundur

Aðalfundur samtakanna skal haldinn fyrir 10. mars ár hvert.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- Skýrsla stjórnar
- Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga samtakanna
- Umræður um skýrslu og reikninga
- Lagabreytingar
- Kosning formanns og varaformanns
- Kosning meðstjórnenda og varamanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

Framboð til stjórnar skal berast formanni stjórnar samtakanna í síðasta lagi fyrir upphaf aðalfundar.

#### **8. gr. Stjórn**

Stjórn samtakanna skipa fimm menn, þ.e. formaður, varaformaður og þrír meðstjórnendur. Þrír menn skulu kjörnir til vara. Stjórnarmenn og varamenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn en formaður og varaformaður skulu kjörnir á hverjum aðalfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórn samtakanna er í forsvari fyrir samtökin og ræður málefnum samtakanna með þeim takmörkunum sem samþykktir þessar setja. Stjórnin er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum samtakanna.

Stjórnarfundur skal boðaður með tryggum hætti. Formaður (varaformaður) boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir og kveður varamenn til stjórnarfunda eftir aðstæðum. Skyld er að halda stjórnarfundum ef þrír stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef minnst þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

#### **9. gr. Breytingar á samþykktum**

Samþykktum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundum. Tillögum til lagabreytinga skal skila 7 dögum fyrir aðalfund til stjórnar og skal stjórn í fundarboði geta þess ef breytingatillaga hefur komið fram.

Nái breytingatillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt.

#### **10. gr. Slit á samtökunum**

Afgreiða skal tillögu um að slíta samtökunum eins og tillögu um breytingu á samþykktum, sbr. 9. gr. Við slit á samtökunum skal aðalfundur jafnframt ákvarða um ráðstöfun eigna, greiðslu skulda og skuldbindinga samtakanna.

#### **11. gr. Brottrekstur**

Stjórninni er heimilt að víkja félögum úr félaginu ef þeir gerast brotlegir við samþykktir félagsins. Heimilt er að bera þá ákvörðun undir félagsfund, sem skal þá efna til eins fljótt og unnt er.

Þannig samþykkt á stofnfundi samtakanna 10. mars 2005

Reykjavík, 10. mars 2005